

RANNSÓKNIR Á LAXASTOFNI
URRIÐAÁR Á MÝRUM

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, nóvember 1988 VMST-V/88018X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

RANNSÖKNIR Á LAXASTOFNI URRIÐAÁR Á MYRUM

1. INNGANGUR

Allt frá 1986 hafa árlegar rannsóknir verið gerðar á vegum Veiðimálastofnunar í Urriðaá. Þessar rannsóknir hafa einkum beinst að því að athuga hvernig til hefur tekist með hrygningu og klak laxaseiða, kanna hvernig áin nýtist til seiðaframleiðslu og ráðleggja um fiskræktaraðgerðir í kjölfar rannsókna (Sigurður Már Einarsson 1987 og 1988). Hér verður greint frá niðurstöðum athugana sem gerðar voru árið 1988 og greint frá niðurstöðum úr sleppingum gönguseiða í Urriðaá vorið 1987.

2. ADFERÐIR

Aðferðum við mælingar hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson 1987). Að þessu sinni voru 5 stöðvar veiddar í ánni (Mynd 1), þ.e. F.n. efstu brú (stöð 1), f.o. malarnám (stöð 2), f.n. Valshamar (stöð 4), f.o. Þjóðveg (stöð 5) og við Smiðjuhól (stöð 7). Ekki var veitt á stöð 3 og stöð 6 að þessu sinni (Brókarlækur). Mælingar fóru fram nokkuð seinna en verið hefur eða 21 október og var nokkuð mikið vatn í ánni er seiðamælingar fóru fram.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. SEIDAÞÉTTLEIKI

Heildar þéttleiki laxaseiða á veiðistöðum sveiflaðist frá 22.2 á 100 m² á stöð 5 upp í 33.8 á 100 m² á stöð 4 þar sem þéttleikinn var mestur (Tafla 1). Sé litið á einstaka aldurshópa þá kom í ljós að afar lítið kom fram af vörgömlum seiðum (hrygning 1987) og er mun minna af vörgömlum seiðum en undanfarin ár (Mynd 2). Laxveiðin 1987 var afar léleg og virðist hrygningarstofn árinna hafa verið lítill haustið 1987. Þéttleiki eins árs seiða (árgangur 1987) reyndist frá 6.5 seiðum á 100 m² á stöð 1 til 20,7 seiða á 100 m² á stöð 7 þar sem hann var mestur (Tafla 1, mynd 2). Þetta er mun meira af eins árs seiðum en fannst 1986 en þá var styrkleiki eins árs seiða lítill en hins vegar minni en fékkst 1987.

Fjöldi tveggja ára seiða (árgangur 1986) sveiflaðist frá 2.0 á stöð 5 til 16.7 á stöð 1 en þar er fjöldi stórra seiða oft mikill. Fjöldi stórra seiða er minni en verið hefur sérstaklega á neðri hluta árinna.

Þéttleiki urriðaseiða (Tafla 2) er mjög svipaður og verið hefur undanfarin ár. Þess má geta að sjóbirtingur veiddist í rafveiðunum á stöð 2 og var hann 22.0 sm og hafði einu sinni gengið í sjó.

3.2. VOXTUR SEIDA

Lengdardreifing og aldur laxaseiða á hverjum veiðistað og fyrir ána í heild er sýndur á mynd 3. Þar sést vel að vöxtur seiða er almennt mjög svipaður í ánni, en þó sker stöð 4 við Valshamar sig jafnan úr og er vöxtur þar jafnan bestur í ánni. Ekki er vitað um ástæður þessa, en hugsanlega kemur mikið af næringarefnum út í ána af túnunum fyrir ofan sem aukið gæti þörungaframleiðslu í ánni og þar með fæðumagn.

Þegar vöxturinn er skoðaður á milli ára (Tafla 3, mynd 4) kemur í ljós að Urriðaa framleiðir gönguseiði á 3 árum. Áin hefur á þessu tímabili verið mjög svipuð hvað vöxt snertir, en þó er áberandi að vöxturinn 1988 er lakari en fyrri tvö árin. Seiðin reyndust einnig áberandi horuð í rafveiðum í október. Þetta sýnir að fæðuframboð virðist hafa verið mun minna í ánni en hin fyrri ár sérstaklega ef til þess er tekið að þéttleiki í ánni 1988 og þar með ásetningur er mun minni en 1986 og 1987. Sumarið 1988 var einnig kaldara en hin fyrri ár sérstaklega vorið.

3.3. SLEPPING GÖNGUSEIDA

Undanfarin ár hefur gönguseiðum verið sleppt í ána til að freista þess að efla laxgengd. Vorið 1987 voru seiðin í fyrsta skipti merkt til að hægt væri að meta árangur af þessari fiskræktaraðferð. Alls voru þá örmerkt 1006 gönguseiði og voru seiðin blanda af Langárstofni, Reykjadalstofni og Norðurárstofni. Seiðunum var sleppt við Valshamar annars vegar og niður við neðstu brú hins vegar. Aðlögun fór fram í flotkössum og seiðin fóðruð fyrir sleppingu. Í

Urriðaaá endurheimtust 4 fiskar í stangveiðinni og einnig kom einn fiskur fram í netaveiði í Rauðanesi. Í heild urðu því endurheimtur af smálaxi 0.5% af slepptum seiðum. Enn eiga fiskar eftir að skila sér eftir 2 ár í sjó og endanlegar heimtur fást því sumarið 1989.

3.4. HREISTURSATHUGANIR

Alls bárust hreistursýni úr laxveiðinni í Urriðaaá 1988 af 18 löxum. Niðurstöður hreisturslesningar fyrir einstaka fiska kemur fram í Viðauka með skýrslunni. Flest sýnanna voru af smálaxi (eitt ár í sjó) eða 88.9% (Tafla 4). Tveir laxar (11.9%) höfðu dvalið 2 ár í sjó. Annar þeirra var að koma í annað sinn til hrygningar. Hann hafði hrygnt haustið 1987 og farið til sjávar vorið 1988, dvalið 2-3 mánuði í sjó áður en hann snéri aftur upp í Urriðaaá. Þegar slíkt gerist vaxa laxarnir lítið heldur fer orkan í þroska kynfærin á ný enda var laxinn einungis 3.0 kg á byngd. Langflestir laxanna höfðu dvalið 3 ár í ferskvatni eða 77.8%. Þetta er í samræmi við seiðaathuganir í ánni sem sýnt hafa að áin framleiðir seiði langmest á 3 árum. Tveir laxar fundust með 4 ára ferskvatnsdvöl (11.9%), og tveir laxar höfðu einungis dvalið eitt ár í ferskvatni. Þar var greinilega um seiði alin í eldisstöð að ræða. Ekki er vitað hvort þessir fiskar eru upprunnir úr gönguseiðasleppingum í Urriðaaá, en ef svo hefði verið hefðu fiskarnir átt að vera merktir, en slíkt kom ekki fram á sýnunum.

3.5. LAGFÆRINGAR Á FARVEGI

Um vorið var áin athuguð með tilliti til umbóta á farvegi árinna. Farið var með hluta árinna frá neðstu brú og langleiðina upp að veiðihúsi. Þar sem áin er mjög lítil að vatnsmagni og verður það lítil í þurrkum var talið ráðlegt að gönguleiðin væri lagfærð á nokkrum stöðum. Þannig var áin tekin saman í eina kvísl fyrir neðan Smiðjuhól og farvegur dýpkaður á nokkrum stöðum.

4. UMRÆÐUR

Niðurstöður sýna að nokkuð miklar sveiflur eru á seiðaframleiðslunni í Urriðáá. Seiðafjöldinn í ánni 1988 er sá minnsti sem mælst hefur, en það liggur hins vegar mest í litlu magni vörgamalla seiða, þ.e. hrygningu 1987 sem virðist hafa verið lítil. Enn sem komið er ekki ljóst hvað verður úr þessum árgangi því mælingarnar á smæstu seiðunum eru jafnan óáreiðanlegar. Magn eldri seiða er hins vegar í meðallagi.

Laxveiðin árið 1988 var allgóð enda virtist árgangurinn frá 1984 vera allsterkur, en hann skilaði sér hvað mest í sumar. Á næsta ári verður sá árgangur einnig áberandi aðallega sem tveggja ára lax úr sjó, en þá tekur 1985 árgangurinn einnig að skila sér. Af rafveiðum fyrri ára er dregin sú ályktun að sá árgangur sé mun veikari en 1984 árgangurinn og því getur orðið um minnkun í smálaxagengd aðræða. Ekki er þó gert ráð fyrir að hrun verði í veiðinni.

Heimtur úr sleppingum gönguseiða voru rýrar eða einungis 0.5% í stangveiði. Jafnvel þótt stórlax eigi enn eftir að skila sér úr sleppingunni er ljóst að heildarendurheimtur verða lélegar. Endurheimtur gönguseiðasleppinga í stangaveiði burfa að vera um 2% til að þær geti talist aróbærar. Skýringar á rýrum endurheimtum eru vafalaust margar, en fyrst og fremst kemur þar til gæði seiðanna úr eldisstöð og sleppiaðferðir. Sennilega mætti auka endurheimtur verulega ef seiðin bæru tekin mun fyrr en hér hefur tíðkast og þau fengju þá eins konar staðareldi við ána.

Lagt er til að eftirfarandi framkvæmdir eigi sér stað í Urriðáá sumarið 1989.


1. Áfram verði unnið við lagfæringar á farvegi árinna og reynt að ganga þannig frá að þær verði sem varanlegastar.
2. Tilraunum með gönguseiðasleppingar haldi áfram. Athuga með gerð sleppitjarna í stað flotkassa og jafnframt að rannsaka hvort hægt sé að útbúa aðstöðu til að taka á móti seiðum mun fyrr en gert hefur verið t.d ekki síðar en um

áramót.


3. Hreistursöfnun í stangaveiði haldi áfram. Slík söfnun gefur góðar upplýsingar um þann fisk sem skilar sér í veiðinni hverju sinni.
4. Halda áfram að líta eftir veiðiuggaklipptum fiskum í stangveiðinni.
5. Tryggja að stofnfiskur sé til staðar úr Urriðaaá sé til staðar til undaneldis, en slíkt er nú skylda samkvæmt nýútgefinni reglugerð. Athuga mætti hvort leigutakar gætu tekið að sér að útvega fisk á stangveiðitíma því ádráttur eftir veiðitíma er oft ótryggur sérstaklega er laxgengd er lítil.
6. Halda seiðamælingum áfram eins og verið hefur undanfarin ár.








MYND 1: VATNAKERFI URRIDAAR A MYRUM.




MYND 2: ÞETTLEIKI LAXASEIDA A NOKKRUM VEIDISTÖÐUM I URRIDAA A MYRUM 1986-1988.



MYND 3: LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA A VEIÐISTÖÐUM Í URRIDAA 1988.



MYND 4: VÖXTUR LAXASEIDA A STÖÐVUM 4 OG 5 Í URRIDAA 1986-1988.



TAFLA 1

ÞETTLEIKI LAXASEIDA Í URRIDAA Á MYRUM (FJOLDI Á 100 M²)

Í SEPTEMBER 1986 OG 1987 OG OKTOBER 1988.

<u>STADUR</u>	<u>AR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>
1	86	-	-	15,0	-	15,0
	87	-	16,5	1,5	-	18,0
	88	-	6,5	16,7	-	22,9
2	86	44,0	0,6	18,5	-	63,1
	87	4,0	33,2	3,2	-	40,4
	88	4,5	16,6	9,6	-	30,7
3	86	13,9	-	21,4	0,4	35,7
	87	Ekki veidd				
	88	Ekki veidd				
4	86	57,5	2,3	7,6	-	67,4
	87	72,8	60,4	8,2	-	141,8
	88	9,1	20,4	4,3	-	33,8
5	86	20,5	9,3	8,3	-	38,1
	87	12,3	10,0	4,9	-	27,2
	88	9,4	10,8	2,0	-	22,2
6	86	Ekki veidd				
	87	-	26,6	13,4	-	40,0
	88	Ekki veidd				
7	86	Ekki veidd				
	87	75,9	24,2	11,0	-	111,1
	88	2,3	20,9	4,1	-	27,3

TAFLA 2

ÞETTLEIKI URRIDASEIDA (FJÖLDI A 100 M²) Í URRIDAA A MYRUM

Í SEPTEMBER 1986 OG 1987 OG OHTOBER 1988.

<u>STADUR</u>	<u>AR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>
1	86	-	48,0	1,7	-	50,7
	87	13,3	4,4	4,4	-	22,1
	88	-	13,7	-	-	13,7
2	86	1,9	2,5	-	-	4,4
	87	0,9	1,4	0,5	-	2,8
	88	-	1,4	0,7	-	2,1
3	86	11,8	2,6	1,1	-	15,5
	87	Ekki veitt				
	88	Ekki veitt				
4	86	1,5	-	-	-	1,5
	87	-	0,5	1,0	-	1,5
	88	-	0,7	-	-	0,7
5	86	-	-	0,4	-	0,4
	87	-	-	-	-	-
	88	-	0,4	-	-	0,4
6	86	Ekki veitt				
	87	33,4	-	6,6	-	40,0
	88	Ekki veidd				
7	86	Ekki veidd				
	87	-	0,5	-	0,5	1,0
	88	-	0,4	-	-	0,4

TAFLA 3

MEDALLENGDIR LAXASEIDA EFTIR ALDRI OG VEIDISTÖÐUM Í URRIDAA
Í BYRJUN SEPTEMBER 1986 OG 1987 OG LOK OKTÓBER 1988.

<u>STADUR</u>	<u>AR</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
1	86	-	-	-	-	-	-	9,9	1,0	7
	87	-	-	-	8,0	0,8	11	10,5	-	1
	88	-	-	-	6,7	0,7	5	9,3	1,0	12
2	86	4,1	0,3	45	6,5	-	1	8,2	0,7	26
	87	3,5	0,2	8	5,6	0,4	62	9,1	0,3	7
	88	3,8	-	1	6,2	0,8	20	8,4	0,9	12
3	86	4,6	0,3	34	-	-	-	7,9	0,7	48
	87	Ekki veitt								
	88	Ekki veitt								
4	86	4,7	0,4	71	7,9	0,2	4	10,4	1,2	14
	87	4,8	0,5	108	8,1	0,6	63	10,7	0,7	14
	88	4,4	0,3	17	7,1	0,5	28	10,3	0,8	7
5	86	4,9	0,2	13	7,7	0,3	13	10,3	0,8	14
	87	4,4	0,4	16	7,1	0,7	14	9,5	0,8	10
	88	4,2	0,2	9	6,8	0,4	11	9,8	0,9	3
6	86	Ekki veitt								
	87	-	-	-	7,1	0,5	4	9,1	1,2	2
	88	Ekki veitt								
7	86	Ekki veitt								
	87	4,2	0,3	81	6,8	0,4	25	9,5	0,9	19
	88	4,1	0,1	6	6,4	0,3	34	9,6	0,9	10

TAFLA 4

NIDURSTÖÐUR ALDURSGREININGA Á LAXAHREISTRI UR
URRIDÁA Á MYRUM 1988

Ferskv.	<u>1 ár í sjó</u>				<u>2 ár í sjó</u>				Fj.	%
	Hæ	Hr	Okgr	Alls	Hæ	Hr	Okgr	Alls		
1	0	2	0	2	0	0	0	0	2	11,1
2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
3	2	4	6	12	0	1	1	2	14	77,8
4	0	1	1	2	0	0	0	0	2	11,1
ALLS				16				2	18	
%				88,9				11,9	100,0	

